

Ed.

296 Frumvarp

til laga um samstjórn tryggingastofnana landsins.

Flutningsm.: Einar Arnason.

1. gr.

Almennar tryggingastofnanir, sem ríkið rekur, stendur í ábyrgð fyrir

eða hefir yfirstjórn á, skulu mynda eina heild, er kallast Tryggingastofnun ríkisins. Skal hún hafa sameiginlega framkvæmdastjórn, eftir því sem við verður komið.

2. gr.

Samabyrgðin, sbr. lög nr. 22 1921, Brunabótafjelag Íslands, sbr. lög nr. 54 1915 og lög nr. 53 1919, og Slysatryggingin, sbr. lög nr. 44 1925, skulu vera sjálfstæðar deildir i Tryggingastofnun ríkisins og hafa þar aðskilinn fjárhag.

Almennar opinberar tryggingastofnanir, sem hjer eftir verða stofnaðar, skulu sem sjálfstæðar deildir vera undir Tryggingastofnun ríkisins, nema öðruvisi verði fyrir mælt i stofnlögum þeirra.

3. gr.

Fyrir Tryggingastofnun ríkisins skipar atvinnumálaráðherra forstjóra, sem jafnframt er framkvæmdarstjóri hveirrar sjálfstæðrar deildar innan stofnunarinnar. Forstjórinn hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka i þessari röð um 300, 300 og 400 kr. eftir 3, 6 og 9 ár upp i 5000 kr. Launin skulu greidd af deildum stofnunarinnar með þeirri upphæð hver, sem atvinnumálaráðherra ákveður. Á launin skal greiða verðstuðulsuppbót samkvæmt reglum launalaganna.

Forstjórinn er skyldur að setja veð fyrir fjárvörslu sinni, svo sem ráðuneytið kveður á um.

4. gr.

Um skipun gæslustjóra við Samabyrgðina fer eins og segir i 12. gr. laga nr. 23 1921, svo skulu og 2 meðstjórnendur skipaðir við Slysatrygginguna til 3 ára i senn.

5. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. okt. 1928 um Slysatrygginguna og Brunabótafjelag Íslands, og frá sama tíma fellur niður hin sjerstaka framkvæmdarstjórastaða, sem um getur i 23. gr. laga nr. 54 1915, en lögin taka ekki til Samabyrgðarinnar fyr en núverandi framkvæmdarstjóri lætur af stöðu sinni.

6. gr.

2. málsliður 2. gr. laga nr. 44, 27. júní 1925, um slysatryggingar, er úr gildi feldur.

Greinargerð.

Eftir því sem hinum ýmsu stofnunum fjölgar, sem rikið rekur eða hefir umsjón á, ber meiri nauðsyn til að koma þeim i betra skipulag en nú er, með því t. d. að flokka saman skyldar stofnanir og setja þær undir sameiginlega stjórn. Myndi það gera alt yfirlit glegggra og umsjón kostnaðarminni.

Með þessu frumv. er gerð tilraun i þessa átt, með því að taka 3 helstu tryggingarstofnanirnar og setja þær undir einn forstjóra. Mætti ef til vill bæta þar fleirum við nú þegar, svo sem Vátrygging sveítabæja og væntanlegum Búfjártryggingasjóði.

Verulegur sparnaður ætti að geta orðið að sameiningunni, með því að sameiginlegur rekstur þessara stofnana hlýtur að verða ódýrari en ef þær eru starfræktar hver í sínu lagi. — Starfsfólk þyrfti ekki eins margt, nota mætti sama húsnæðið, ljós og hita fyrir allar deildirnar o. s. frv.

Til frekari glöggvunar fylgir hjer yfirlit yfir rekstrarkostnað þeirra stofnana, er frumv. ræðir um, fyrir árið 1926.

Brunabótafjelag Íslands.

1. Laun framkvæmdarstjóra og starfsfólks ...	kr. 22499,44
2. Þóknun til umboðsmanna úti um land ...	— 13768,00
3. Húsaleiga	— 2400,00
4. Skrifstofukostnaður, ljós, hiti og ræsting ...	— 1651,52
5. Símakostnaður, prentun o. fl.	— 1798,81
	<hr/>
	Alls kr. 42117,77

Samábyrgðin.

1. Laun framkvæmdarstjóra og starfsmanna...	kr. 15272,96
2. Þóknun til umboðsmanna úti um land ...	— 6636,33
3. Húsaleiga	— 1020,00
4. Hitu og ræsting... ..	— 288,50
5. Skrifstofukostnaður, prentun o. fl.	— 335,55
	<hr/>
	Alls kr. 23553,34

Slysatryggingin.

1. Laun stjórnar og starfsfólks	kr. 11200,00
2. Húsaleiga	— 720,00
3. Prentun	— 1368,90
4. Annar kostnaður	— 537,05
	<hr/>
	Alls kr. 13825,95